

Fimmtudaginn 16. desember 1993.

Nr. 267/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

I

(Gestur Jónsson hrl.).

Bifreiðar. Neyðarakstur. Banaslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. júní 1993 og krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og dæmdur til refsingar og sviptingar ökuréttar.

Ákærði krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur.

I.

Annmarkar eru á ákæru málsins, þar sem ekki er nefnt, að ákærði ók sjúkrabifreið í neyðarútkalli umrætt sinn, sbr. reglur um neyðarakstur nr. 101/1988, sem settar voru samkvæmt 8. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með hliðsjón af verknaðarlýsingu í ákæru að öðru leyti og flutningi málsins í héraði og fyrir Hæstarétti verður það þó ekki látið koma að sök. Í 6. gr. þessara reglna segir meðal annars:

„Við neyðarakstur getur ökumaður, við aðstæður þar sem hann telur það mjög brýnt, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar, látið hjá líða að fylgja ákvæðum umferðarlaga er greinir í

...

b) IV. kafla um umferðarreglur fyrir ökumenn og

c) V. kafla um ökuhraða.

...

Notkun ljós- og hljóðmerkja við neyðarakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að hafa aðgát og sýna tillitssemi gagnvart öðrum vegfarendum.“

Það er því til úrlausnar í þessu máli, hvort ákærði hafi farið út

fyrir þau mörk, sem sett eru í framangreindum reglum um neyðar-
akstur, og bakað sér refsíabyrgð með akstri sínum.

II.

Erindi ákærða og félaga hans í sjúkrabifreiðinni var að liðsinna barni í andnauð, og fengu þeir á miðri leið boð um það, að barnið væri hætt að anda. Hér voru því augljóslega lífshagsmunir í húfi og brýnt, að ferð þeirra yrði með sem skjótustum hætti. Þegar ákærði var á leið austur og upp Breiðholtsbraut á mikilli ferð með viðvörunarljósum og hljóðmerkjum, varð hann var bifreiða við gatnamót Breiðholtsbrautar og Seljaskóga, þar sem biðskylda var gagnvart Breiðholtsbraut, og kvaðst hann þá hafa dregið úr ferð. Þegar önnur bifreiðin var komin vestur yfir hægri akrein Breiðholtsbrautar, en hin hafði verið stöðvuð við gatnamótin, jók ákærði hraða sjúkrabifreiðarinnar að nýju. Síðari bifreiðinni var þá ekið hægt út á Breiðholtsbraut í veg fyrir sjúkrabifreiðina. Styðst þetta við framburð vitna, sem rakinn er í héraðsdómi.

Miða verður við, að ákærði hafi ekið á um það bil 80 til 100 km hraða miðað við klukkustund, þegar áreksturinn varð undir miðnætti 23. ágúst 1992. Aðstæður voru þær samkvæmt lögregluskýrslu, að myrkur var og slæm lýsing, en yfirborð hins malbikaða vegar var slétt og þurrt. Engin sérstök hindrun byrgir sýn frá þessum gatnamótum, en vegna mishæðar í landslagi mun sjónlína frá þeim vestur Breiðholtsbraut vera um 200 metrar.

Þar sem ákærði sá kyrrstæða bifreið við biðskyldumerkið í Seljaskógum, hlaut hann að treysta því, að forgangsréttur sinn yrði virtur. Samkvæmt því og með hliðsjón af öðrum atvikum verður eigi talið, að aksturslag ákærða hafi ekki verið eðlilegt við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru, og hann ekki í hvívetna fylgt þeim reglum og fyrirmælum, er gilda um neyðarakstur sjúkrabifreiða. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir

Hæstarétti, Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. maí 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 11. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-256/1993: Ákærvaldið gegn I, sem tekið var til dóms 6. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. apríl 1993, á hendur ákærða, I, brunaverði, Reykjavík, „fyrir að aka að kvöldi sunnudagsins 23. ágúst 1992 bifreiðinni PZ-535 austur Breiðholtiðbraut í Reykjavík inn á gatnamót við Seljaskóga án nægjanlegrar aðgæslu og yfir leyfilegum hámarkshraða með þeim afleiðingum, að bifreiðin rakst þar á bifreiðina R-35911, sem ekið var norður Seljaskóga og áleiðis vestur Breiðholtiðbraut. Við þetta hlutu ökumaður bifreiðarinnar R-35911, Magnús Haraldsson, fæddur 9. júní 1915, og farþegi í framsæti, Ásta Guðjónsdóttir, fædd 13. nóvember 1910, svo mikla áverka, að þau létust nær samstundis.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr., staflíð c, 36. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og 23. gr., sbr. 32. gr. lögreglu-samþykktar fyrir Reykjavík nr. 625/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga“.

Málavextir.

Sunnudagskvöldið 23. ágúst sl. kl. 23.50 var hringt í Slökkvistöðina í Reykjavík og beðið um, að sendur yrði sjúkrabíll í Austurberg 32 vegna ungbarns, sem væri þar í andnað. Var ákærði þegar sendur í sjúkrabílnum PZ-535 til þess að sinna þessu. Með honum voru þeir Sigurður Arnar Jónsson brunavörður, sem sat frammi í við hlið ákærða, og Björn Hjálmarsson læknir, sem sat fyrir aftan þá ákærða og Sigurð. Ók ákærði beinustu leið austur Bústaðaveg og suður Reykjanesbraut. Ekið var með bláum viðvörunarljósum og sírenu alla leiðina. Skömmu eftir að hann hafði beygt af Bústaðavegi, kom tilkynning um það frá slökkvistöðinni, að barnið væri hætt að anda, og jók ákærði þá hraðann. Þegar sjúkrabíllinn ók upp Breiðholtiðbraut og nálgast Seljaskóga, var þremur bílum ekið eftir þeirri götu til norðurs að Breiðholtiðbraut. Á gatnamótum þessum var biðskylda fyrir umferð inn á Breiðholtiðbraut, þegar atburðurinn varð, en þar hafa nú verið settir upp götuvitar. Hínum fyrsta þessara bíla var ekið inn á Breiðholtiðbraut og inn á syðri akbrautina. Næsta bíl, þ. e. R-35911, var ekið á eftir

hinum og í veg fyrir sjúkrabílinn með þeim afleiðingum, sem greinir í ákæru.

Ákærði hefur sagt, að hann hafi ekið með um 120 km hraða suður Reykjanesbraut, en getur ekki sagt, hve hratt hann hafi ekið upp Breiðholtsbraut, en segir þó, að hann hafi verið búinn að draga töluvert úr hraðanum. Kveðst hann hafa ekið eftir miðri brautinni, eins og hann reyni að jafnaði að gera í neyðarakstri. Þegar hann hafi nálgast gatnamótin við Seljaskóga, hafi hann séð til bils, sem ekið var yfir gatnamótin, og hafi hann þá hægt ferðina, enda vel kunnugur staðháttum þarna. Annar bill, sem næstur fór, hafi numið staðar við gatnamótin. Kveðst hann þá hafa hert ferðina aftur. Bílnum hafi þá verið ekið hægt af stað yfir gatnamótin og í veg fyrir sjúkrabílinn. Telur hann, að hik hafi verið á ökumanninum og hann hafi jafnvel numið staðar úti á gatnamótunum. Kveðst hann hafa nauðhemað og reynt að stöðva bílinn, en árekstur hafi orðið. Kveðst hann í svipinn hafa hugsað að beygja fram hjá hinum bílnum, en séð í hendi sér, að hann myndi þá rekast á aðra bíla. Ákærði kveðst hafa haft fulla athygli við aksturinn og ekið eins og hann telji rétt að gera við þessar aðstæður og reynt að sýna alla þá aðgæslu, sem unnt hafi verið að sýna. Álitur hann, að það hefði engu breytt, þótt hraði sjúkrabifreiðarinnar hefði verið eitthvað minni. Slysi hefði ekki orðið afstýrt.

Sigurður Arnar Jónsson brunavörður hefur sagt, að hraði þeirra í sjúkrabílnum hafi verið á að giska 100 km upp Breiðholtsbraut. Hafi þeir farið yfir á grænu ljósi hjá Stekkjarbakka. Þeir hafi séð til þriggja bíla í Seljaskógum og ákærði dregið úr hraða. Hafi fyrsti billinn í röðinni ekið yfir gatnamótin, en næsti bill numið staðar við gatnamótin. Taldi vitnið, að ökumaðurinn hefði séð sjúkrabílinn. Hann hefði svo ekið hægt og höktandi út á þau á eftir hinum bílnum og í veg fyrir sjúkrabílinn. Hefði hraði sjúkrabílsins þá verið kominn eitthvað niður fyrir 100 km og ákærði nauðhemað.

Vitnið segir aksturslag ákærða hafa verið óaðfinnanlegt og í samræmi við reglur slökkviliðsins miðað við aðstæður og það útkall, sem þeir voru í.

Björn Hjálmarsson læknir var í áhöfn sjúkrabifreiðarinnar og sat fyrir aftan ákærða. Hefur hann sagt, að hann hafi ekki séð á hraðamælinn, en telur, að aksturslag ákærða hafi ekki verið athugavert miðað við það, hve brýnt útkallið var. Segir hann, að ákærði hafi dregið úr hraða, eftir að komið var á Breiðholtsbraut, frá því, sem hann hafði verið á Reykjanesbraut, en giskar á, að þá hafi hraðinn verið 90-100 km. Næst, þegar hann hafi hugað að ökuhraða, hafi verið, þegar ákærði hægði ferðina ofar í brekkunni. Kveðst hann þá hafa litið upp og séð bil fara yfir Breiðholtsbraut og annan, sem var á eftir honum, nema staðar við biðskyldumerkið. Vitnið segir ákærða hafa hert á sér aftur, þegar fyrri bílnum hafði verið

ekið yfir Breiðholtsbraut. Næst hafi það gerst, að seinni billinn hafi lagt mjög hægt af stað yfir Breiðholtsbraut þvert fyrir sjúkrabilinn. Ákærði hafi þá nauðhemað.

Vitnið segir, að þetta útkall hafi verið eitt með allra alvarlegustu tilfellum, sem að höndum beri, og skýri það, að ekið hafi verið samfellt með hljóðmerkjum og ljósmerkjum. Segir vitnið, að þegar svona standi á, geti sekúndur skipt máli. Kveður vitnið símavörðinn vera afar áreiðanlegan mann og ekki ýkjugjarnan, og þegar hann hefði sagt, að barnið væri hætt að anda, kveðst vitnið hafa séð, að mikil neyð væri fyrir dyrum. Kveður hann aksturslag ákærða hafa verið eðlilegt miðað við það. Hann kveðst hafa verið sjúkrabílslæknir í hálf tannað ár og farið í vel á annað hundrað útköll. Hafi stundum verið ekið óvarlega að mati vitnisins, en svo hafi ekki verið í þetta skipti. Dregið hafi verið vel úr ferð á öllum gatnamótum, sem farið var um, en það, sem þarna hafi borið út af, hafi verið afar óvenjuleg viðbrögð ökumanns seinni bílsins. Kveðst hann vilja kenna honum algjörlega um slysið. Kveðst vitnið meta það svo, að ekki hefði verið unnt að komast hjá slysi nema með því að draga úr hraðanum niður í 40 til 50 km.

Dúfa Sylvia Einarsdóttir og eiginmaður hennar, Guðmundur Ragnarsson, voru að koma úr heimsókn í hús þarna í hverfinu ásamt þeim Magnúsi og Ástu sálagu. Óku þau næst á undan þeim. Magnús heitinn var móðurbróðir Dúfu. Segir hún þau Magnús og Ástu hafa verið ókunnug þarna, og því hafi orðið úr, að þau hjónin leiðbeindu þeim og ækju á undan þeim, en þau Magnús og Ásta hafi verið á heimleið. Þau hafi öll numið staðar við Breiðholtsbraut og beðið eftir, að umferð færi fram hjá. Þau Guðmundur hafi ekið yfir Breiðholtsbraut og beygt til vesturs. Hafi þau þá séð, hvar sjúkrabíll kom með bláum ljósum, en ekki hafi hún heyrt sírenuvel í honum. Hún segist ekki geta gert sér grein fyrir, hversu mikill hraði hafi verið á sjúkrabílnum, en hann hafi verið mikill, eins og venja sé í útkalli. Hún hafi svo heyrt mikinn hemlahvin og þá litið til sjúkrabílsins og séð, hvar fólksbíllinn kastaðist undan honum. Vitnið segir, að þarna sé blindhæð og mikil nauðsyn að sýna aðgát, þegar ekið sé upp Breiðholtsbraut.

Guðmundur Ragnarsson segir sjúkrabíllinn hafa verið á mikilli ferð, en hann geti ekki nefnt neinar tölu í því sambandi. Vitnið segist hafa numið staðar við gatnamótin og beðið eftir því, að aðrir bílar færu hjá. Þegar hann hafi ekki séð til annarra bíla, hafi hann ekið yfir gatnamótin og beygt til vesturs. Hafi hann þá séð sjúkrabíllinn koma og litið við og þá séð, að Magnús var að aka rólega inn á gatnamótin. Vitnið segist hafa séð bæði viðvörundarljós og heyrt sírenuvel í þann mund, sem hann beygði til vesturs á gatnamótunum. Vitnið segist ekki telja, að Magnús hafi neitt numið staðar inni á gatnamótunum, en hann hafi hins vegar ekið rólega. Sjálfur hafi

hann aðeins ekið spölkorn niður eftir til vesturs og stöðvað bíl sinn á götunni. Segir hann, að Magnús Haraldsson hafi verið búinn að nefna það við sig oft en einu sinni, að sér fyndist óþægilegt að aka í slæmu skyggni eða myrkri, þar sem hann sæi ekki nógu vel við þær aðstæður. Kveðst hann halda, að Magnús hafi óskað eftir samfylgd þeirra m. a. af þessari ástæðu. Segir hann Magnús hafa ekið með gleraugu.

Björn Valdimarsson, Æsufelli 2, stóð og horfði á atburðinn út um stofuglugga heima hjá sér. Segist hann ekki geta tilgreint í tölum, hve hraði sjúkrabílsins hafi verið mikill, en tekur fram, að honum hafi verið ekið samsíða öðrum bíl úr beygju, sem er þarna neðar á Breiðholtsbraut. Kveðst hann ekki hafa séð neitt athugavert við ökumadann miðað við, að billinn var í útkalli, en hann segist mjög oft sjá slíkan akstur sjúkrabifreiða upp götuna. Segir hann hinn bílinn hafa verið orðinn kyrrstæðan við gatnamótin, og kveður hann sér hafa brugðið mjög, þegar honum var ekið af stað aftur inn á gatnamótin, enda vonlaust, að ökumaður næði að aka yfir án þess að verða fyrir sjúkrabílnum. Vitnið segir, að ökumaður hafi hægt á ferðinni, eftir að hann var kominn út á götuna, og kveðst hafa getið sér þess til, að það væri til þess að forðast umferð úr hinni áttinni. Vitnið kveður sjúkrabílinn hafa haft bæði ljós- og hljóðmerki, alveg þar til slysið varð.

Aðalsteinn Flosason ók strætisvagni eftir Arnarbakka, þegar slysið varð. Kveðst hann telja, að sjúkrabíllinn hafi verið á töluvert mikilli ferð upp Breiðholtsbraut. Hann hafi ekki séð hinn bílinn, fyrr en sá var kominn út á gatnamótin. Sýndist honum billinn hafa numið staðar, áður en áreksturinn varð. Hann hafi þó ekki séð sjálfan áreksturinn, þar sem leiti hafi borið á milli. Vitnið sá þetta allt í svip og tilsýndar.

Laufeyju Sigurðardóttur, Æsufelli 2, varð litið út um stofuglugga, þegar hún heyrði sírenuvæl, og sá þá sjúkrabílinn koma upp Breiðholtsbraut. Hafi hún verið á fjórðu hæð og séð vel til. Hafi hraði sjúkrabílsins ekki verið neitt óeðlilegur miðað við, að um var að ræða slysaútkall, en hún þurfi oft að horfa á sjúkrabíla og slökkvibíla koma upp Breiðholtsbrekku. Segist hún hafa séð tvo kyrrstæða bíla í Seljaskógum við gatnamótin, en þeir kynnu að hafa verið fleiri, enda hafi gróður skyggt þarna á. Fólksbíllinn, sem hafi lent í árekstrinum, hefði verið orðinn kyrrstæður við gatnamótin, en hefði svo verið ekið hægt inn á þau. Virtist henni það vera „brjálæði“ að gera þetta, eins nálægt gatnamótunum og sjúkrabíllinn var kominn. Vitnið segir, að þarna sé beygja á Breiðholtsbraut, og sjáist ekki vel niður eftir frá gatnamótunum. Hún segist ekki hafa tekið eftir, að annar bíll hafi verið kominn yfir gatnamótin á undan þessum. Kveðst hún telja, að litli billinn hefði getað komist þarna yfir, ef hann hefði skotist, eins og margir geri.

Guðmundur Einarsson var í bifreið, sem ekið var næst á eftir R-35911. Segir hann, að sjúkrabíllinn hafi komið mjög hratt upp brekkuna, en sést illa þarna frá þeim. Hann hafi ekki séð annað til bílsins á undan en hann hafi fyrst verið stöðvaður, að því er hann heldur, og ekið svo inn á gatnamótin á eftir öðrum bíl. Hafi hann þá orðið fyrir sjúkrabílnum. Vitnið segist telja, að fólksbíllinn hafi verið orðinn kyrrstæður eða því sem næst, þegar áreksturinn varð. Ekki viti hann ástæðuna. Segist hann giska á, að hraði sjúkrabílsins hafi verið um 100 km, þegar farið var að hemla.

Gerður var uppdráttur af vettvangi og hann ljósmyndaður. Mældust hemlaför sjúkrabílsins 52,2 og 49,6 metrar. Þá er komið fram, að heildarþyngd hans er 4082 kg. Það athugast, að hemlar bílsins hafa ekki verið athugaðir, og sérstök athugun þess, hve langan spöl hann þurfi til þess að stöðvast miðað við mismikinn ökuhraða, hefur ekki verið gerð, að því er séð verður. Er þess reyndar að geta, að hann var óökufær eftir áreksturinn vegna skemmda. Þá er ekki að sjá neitt um það í málinu, að hjólbarðar hans hafi verið athugaðir eða yfirborð vegarins, að því er varðar grófleika og slit. Loks er ekki upplýst, hver hiti var, þegar slysið varð.

Upplýst er í málinu, að Magnús heitinn var ekki með gild ökuréttindi. Dómarinn hefur skoðað vettvang og næsta nágrenni.

Niðurstaða.

Samkvæmt 6. gr. reglna um neyðarakstur nr. 101/1988, sem settar eru með stöð í 8. gr. umferðarlaga, getur ökuamaður sjúkrabíls við aðstæður, þar sem hann telur það mjög brýnt, enda gæti hann samtímis sérstakrar varúðar, látið hjá líða að fylgja ákvæðum umferðarlaga um umferðarmerki, umferðarreglur og ökuhraða.

Biðskylda er fyrir umferð inn á Breiðholtsbraut. Upplýst er, að Magnús heitinn Haraldsson hafði ekki fulla sjón. Ber vitnum, sem sáu vel yfir slystað, saman um það, að akstur hans inn á Breiðholtsbraut hafi verið óvæntur og óverjandi. Ekki verður neitt um það fullyrt, hve hraði sjúkrabílsins hefur verið mikill þarna við gatnamótin, en víst er, að hann hefur verið allmikill. Á það er þó að líta, að ákærði hafði dregið úr honum, er hann sá bílana í Seljaskógum. Það er skoðun dómarans, eftir að hann hefur skoðað vettvang vel, að ekki hafi verið hægt að ætlast til þess af ákærða, eins og á stóð, að hann gerði ráð fyrir því, að fólksbílnum yrði ekið í veg fyrir sig. Ber samkvæmt þessu að sýkna hann af ákæru.

Leggja ber sakarkostnað á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun Gests Jónssonar hrl., 65.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, I, er sýkn af ákæru í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun Gests Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 65.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.
